

Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3 í Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 14. ágúst 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um lagningu jarðstrengja, svokallaðra Suðurstrandarlína frá tengivirki Landsnets norðan Þorlákshafnar að athafnasvæði fiskeldisfyrirtækja, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfus, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðstrengir frá tengivirki Landsnets í Þorlákshöfn til fiskeldisfyrirtækja – Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3. Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu Matsskyldufyrirspurn. Landsnet – Efla verkfræðistofa. Júlí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi þann 23. september 2023.
- Minjastofnun Íslands þann 6. september 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 11. september 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 11. september 2023.
- Umhverfisstofnun þann 8. september 2023.


Umsögn frá Vegagerðinni barst ekki.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Tvö fiskeldisfyrirtæki, First Water áður Landeldi, og GeoSalmo, hafa óskað eftir tengingu við 66 kV flutningskerfi Landsnets í Þorlákshöfn. Samið hefur verið um 14 MW tengingu fyrir First Water og 20 MW fyrir GeoSalmo til að byrja með, en GeoSalmo stefnir svo á 32 MW og First Water á 48 MW árið 2029. Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu jarðstrengja frá tengivirki norðvestan við Þorlákshöfn að starfstöðvum fyrrnefndra fyrirtækja vestan við Þorlákshöfn. Jarðstrengirnir hafa fengið heitið Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3 (SD1, SD2 og SD3), en SD1 og SD2 liggja að athafnasvæði First Water og eru um 2 km langar og SD3 liggur að svæði GeoSalmo og er um 4 km löng. Einn strengur er ekki nóg til að anna allri orkuþörf First Water og því þarf tvo strengi. Flutningsgeta hvers strengs verður um 40 MVA. Þá mun Rarik í leiðinni leggja sex, 11 kV jarðstrengi vegna frekari uppbyggingar á iðnaðarsvæðum vestan Þorlákshafnar en þær framkvæmdir eru ekki hluti af framkvæmdum Landsnets. Jarðstrengirnir verða lagðir í veg- og stígakanta að langstærstum hluta, en strengir SD1 og SD2 til athafnasvæðis First Water munu liggja yfir óraskað land á um 560 m kafla. Milli Þorlákshafnar og Lýsis hf. er hjólastígur sem fylgir Suðurstrandarvegi að sunnanverðu. Strengirnir verða í suðurjaðri hjólastígsins og verður stígurinn notaður sem vinnuvegur á verk tíma. Sveitarfélagið hefur ákveðið að lengja Laxabraut alla leið vestur að GeoSalmo og mun gatan þannig



liggja á milli fiskeldisfyrirtækjanna tveggja. Á mótis við Lýsi ehf. munu strengirnir þvera Laxabraut og fylgja suðurkanti hennar að aðveitustöð á lóð GeoSalmo en Laxabrautin verður notuð sem vinnuvegur á verktíma. Grafnir verða skurðir fyrir jarðstrengina sem verða á milli 80-160 cm á breidd í botninn og 125 cm á dýpt. Þar sem þvera þarf Suðurstrandarveg og Laxabraut verður borað fyrir ídráttarröri fyrir strengina undir vegina. Sanda þarf meðfram strengjunum með varmaleiðandi sandi til þess að bæta kælingu á strengnum og er áætlað að þörfin fyrir aðfluttan sand fyrir alla þrjá strengina verði um 3.500 m³.



Mynd 1. Lega jarðstrengja sýnd með gulum lit og nýir jarðstrengir Rarik bláir. (Úr greinargerð Landsnets).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð Landsnets kemur fram að skráðar fornminjar á svæðinu séu flestar vel utan við framkvæmdasvæðið og í lítilli hættu á að raskast. Allar strengleiðir verði í Leitahrauni sem njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Hraunið sé tiltölulega flatt og sandorpið á þessu svæði en það muni óhjákvæmilega raskast við framkvæmdirnar á um 3 ha svæði. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist nær allt framkvæmdasvæðið af eyðihraunavist sem er með lágt verndargildi. Gróðurþekja framkvæmdasvæðisins sé lítil og slitrótt og sé stærstur hluti svæðisins gróðurlausir vegkantar, en á kafla sé farið um svæði þar sem melgresi og öðrum plöntum hafi verið sáð til að hefta sandfok. Mjó ræma muni raskast á svæði sem sé að mestu þegar raskað eða muni raskast í framtíðinni. Fram kemur að vegfarendur sem fari um Suðurstrandarveg og hjólastíg muni sjá ummerki um framkvæmdirnar á meðan þær standi yfir og í einhvern tíma á eftir. Með góðum frágangi megi gera ráð fyrir að rasksvæði hafi gróið og ummerki verði mikið til horfin á nokkrum árum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að lagnaleiðin sé utan verndarsvæða og mikilvægra fuglasvæða og gróðurfar sé fábrotið, aðallega eyðihraunavist og mosahraunavist með miðlungs til lágt verndargildi. Leiðin sé hins vegar öll á nútímahrauni, Leitahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og skal forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til. Fleyga þurfi rás fyrir strengina niður í slétt helluhraun en um sé að ræða skipulagt iðnaðarsvæði og að mestu er farið meðfram fyrirbyggjandi vegum og stígum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fornleifum ætti ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum en bent er á að gera þurfi verktökum grein fyrir fornleifum á svæðinu til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.



5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022 en unnið er að aðalskipulagsbreytingu. Þar sem fyrirhugaður jarðstrengur mun þvera deiliskipulag fráveitulagnar sem nær frá iðnaðarsvæðinu á Sandi og til sjávar þarf að gera breytingar á því.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfus og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu þriggja, alls um 6 km langra jarðstrengja, frá tengivirki Landsnets norðvestan við Þorlákshöfn að starfstöðvum tveggja fiskeldisfyrirtækja vestan við Þorlákshöfn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi og nýtingar náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir sem munu fara fram á svæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, þ.e. eldhraun mun raskast á um 3 ha svæði við framkvæmdirnar. Hins vegar er Leitahraun á þessu svæði sandorpið og hefur að einhverju leyti glatað verndargildi sínu. Engu að síður leggur Skipulagsstofnun áherslu á að raski á hrauninu verði haldið í lágmarki, m.a. með því að nýta raskað svæði í veg- og stígaköntum til lagningar jarðstrengjanna og að núverandi vegir og slóðar verði nýttir eins og kostur er og að ekki verði lagðir nýir slóðar nema brýna nauðsyn beri til. Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmdasvæði er gróðurlítið og að vistgerðir á svæðinu hafa ekki hátt verndargildi sem endurspeglast í rýru fuglalífi. Þá liggur fyrir að ekki eru líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir raski fornleifum en Skipulagsstofnun leggur áherslu á að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands um að verktökum verði gerð grein fyrir fornleifum á áhrifasvæðinu. Stofnunin telur að með góðum frágangi eru líkur á að ummerki um jarðstrengslagningu verði horfin að nokkrum árum liðnum. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fyrrgreinda umhverfispætti verði ekki veruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. nóvember 2023.

Reykjavík, 4. október 2023

Jakob Gunnarsson

